

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 25. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997 (730. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er tengt frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (mál 731).

Ekki verða gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, heldur er ætlunin að fjalla almennt um það hvernig ráðið telur að aðkomu opinberra aðila að nýsköpun og atvinnuþróun ætti að vera háttáð. Opinberir aðilar koma nú að nýsköpun og byggðaðróun með beinum og sértækum hætti, einkum með fjármögnun slíkra verkefna. Ekki er lagt til í frumvarpinu að mikil breyting verði á þessari aðkomu hins opinbera þótt ýmsum formsatriðum sé breytt.

Íslensku bönkunum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðust árum í kjölfar þess að þeir voru einkavæddir. Eru þeir vel í stakk búinir til að fjármagna ýmsa atvinnustarfsemi héraendis. Þegar fyrirtæki leita á náðir opinberra sjóða um fjármögnun er það oftast en ekki vegna þess að bankar hafa ekki séð sér hag í að fjármagna þá starfsemi. Ástæðan er yfirleitt sú að talið hefur verið að verkefnið sé of áhættusamt í samanburði við líklega ávöxtun þess. Þegar það er raunin, er vandséð að æskilegt sé fyrir hið opinbera að fjármagna starfsemi sem aðrir hafa ekki séð sér hag í að gera. Gífurleg vanskil af lánum Bygðastofnunar ættu því ekki að þurfa koma neinum í opna skjöldu.

Ef opinberir aðilar vilja auka nýsköpun og bæta atvinnulíf á landsbyggðinni verður það best gert með almennum aðgerðum, en ekki sértækum. Það er skoðun Viðskiptaráðs að það sé hlutverk ríkisins að skapa hér góðan jarðveg fyrir atvinnurekstur alls staðar á landinu í öllum atvinnugreinum. Slíkur jarðvegur verður best skapaður með lágum sköttum og einföldu regluverki sem er lítið íþyngjandi.

Atvinnulífið hefur sýnt það í verki að það er sjálft í stakk búin til að fjármagna og styðja við bakið á nýsköpun. Nú síðast sýndi Háskólinn í Reykjavík, sem Viðskiptaráð starfrækir, gott fordæmi og tilkynnti um stofnun

Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins. Verður hún staðsett í Morgunblaðshúsinu við Kringluna.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði ekki að lögum, heldur verði þess í stað hugað að því að ríkið hætti beinni aðkomu að nýsköpun eða byggðapróun með sértækum aðgerðum.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson